

Fylkingar deila hart um það hvort aðalfundur Geðhjálpar hafi verið lögmætur

HARÐAR deilur hafa risið innan Geðhjálpar um lögmæti aðalfundar félagsins sem boðað hafði verið til síðastliðinn laugardag. Formaður félagsins frestaði fundinum eftir að deilur komu upp um hvort fundargestir væru félagsmenn eða ekki og gekk af fundi ásamt þorra stjórnar en þeir sem eftir sátu héldu fundinum áfram og kusu nýjan formann og stjórn.

Að sögn Eydísar Sveinbjarnardóttur, formanns félagsins, voru 100-150 manns á fundinum sem ekki voru skráðir félagsmenn í Geðhjálpar og neituðu að gefa upp nafn svo hægt væri að bera það við félagaskrá. Hún segir að aldrei hafi verið fært að hefja aðalfundarstörf. „Þarna mætti manni allskyns skítkast og dónaskapur áður en hægt var að byrja þennan fund og það gekk ekki að kjósa fundarstjóra því það kom í ljós að fólk var ekki með kosningarétt þarna inni. Fundinum var hleypt upp og þarna var fólk drukkið og með framíköll.“

„Nýtti sér skjólstaðinga sína“

Hún segir að vegna þessa hafi hún ákveðið að fresta fundinum enda höfðu reyndir fundar- og félagsmenn tjáð henni að formaður gæti

Dómsmálaráðuneytið hafnar íhlutun

gert það ef ekki væri fundarhæft vegna óláta. Lögfræðingar hafi svo staðfest þetta síðar.

Hún segist búast við að um einhvers konar smölun hafi verið að ræða hjá Kristófer Þorleifssyni geðlækni, sem var kosinn nýr formaður af þeim sem eftir sátu á fundinum en auk hans var Sigursteinn Músson blaðamaður í framboði til formanns. „Það sem ég er hrædd um en hef ekki fengið staðfest er að þarna komi Kristófer inn með sína skjólstaðinga og mér finnst mjög ásmælisvert ef geðlæknir etur sjúklingum sínum fram á þennan hátt.“

„Hljópst á brott“

Kristófer Þorleifsson vísar þessu á bug og segir að um réttmæta kosningu hafi verið að ræða. Hann segir fundinn hafa verið löglega boðaðan og Eydís hafi sjálf sett hann eins og

myndbandsupptökur sýni. Komið hafi til snarpra orðaskipta þegar rætt var um hver ætti að vera fundarstjóri og í kjölfarið hafi Eydís gert athugasemd við að ekki væru allir viðstaddir félagsmenn. „Þá var henni bent á að það væri ekkert í lögum félagsins sem segði til um það hvernig aðild ætti að vera fyrir fund. Hún bauð þá öllum að skrá sig í félagið sem ekki væru þegar skráðir og það var gert fundarhlé.“

Hann segir Eydísi hafa slitið fundinum og boðað til framhaldsaðalfundar að loknu þessu hléi og yfirgefið fundinn ásamt um 20 manns. Þessa ákvörðun segir hann hafa verið ólögmæt. „Það er bara fundurinn sjálfur sem getur ákveðið það að fresta þannig að við litum svo á að þetta fólk hafi bara hlaupist á brott. Það var þarna einn stjórnarmaður eftir sem tók að sér að stjórna fund-

inum og kjósa fundarstjóra og fundarritara. Síðan var ný stjórn kosin og einstökum liðum frestað fram til aðalfundar sem ný stjórn ákvað að boða til fyrir 1. maí.“

„Mismunandi skýringar á frestun“

Hann segir alrangt að fundargestir hafi verið drukknir og með skriflæti en segir að snörp orðaskipti hafi orðið þegar Eydís hafi ætlað sér að brjóta á þorra fundarmanna. Þá segir hann skýringar Eydísar á því hvers vegna fundinum var frestað vera mismunandi. Annars vegar hafi hún sagt að fundurinn hafi aldrei verið settur og hins vegar vegna þess að fundarmenn hafi verið með ólæti. Hins vegar sé hið rétta að hún hafi sagt að fundinum væri frestað vegna fjölda nýskráðra félaga og þar sem reikningar félagsins lágu ekki

fyrir. „Og ég verð að segja að það er algjör dónaskapur við fundarmenn sem sumir búa úti á landi að boða til aðalfundar og hafa aldrei ætlað að halda hann af því að það er ekki búið að gera reikningana til.“

Ósk um íhlutun hafnað

Kristófer segist hafa farið fram á það við fráfarað stjórn að báðir aðilar viðurkenndu að það væri búið að skipta um forystu. Eydís segist hins vegar ekki líta svo á að hún sé búin að skila félaginu af sér. „Ég hefði viljað að það hefði orðið sátt um að halda nýjan aðalfund þar sem fólk sýndi lágmarks kurteisi og almennar hegðunarreglur væru í gildi.“ Hún segist enn fremur óttast um framtíð félagsins ef ekki verður komist að samkomulagi í málinu því fjöldi fólks sem starfar innan þess treysti sér ekki til að starfa með Kristófer.

Í gær óskuðu deiluaðilar eftir fundi með óvilhóllum aðila til að ræða málin enda sammála um að óæskilegt sé að málið fari fyrir dómstóla. Málafni frjálsra félagasamtaka á borð við Geðhjálpar heyrir undir dómsmálaráðuneytið og var óskað eftir íhlutun þess en að sögn Eydísar var þeirri ósk hafnað.